



22. ágúst 2023

Tilv.: 2201259

Dreifibréf nr.: 30/2023
Dreifibréf til lífeyrissjóða

Efni: Ráðning framkvæmdastjóra lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands vísar til dreifibréfs þess dagsett 27. janúar sl., þar sem m.a. kom fram að til stæði að gera þá kröfu að þeir lífeyrissjóðir sem útvistað hafa stöðu framkvæmdastjóra til þriðja aðila og ekki sjálfir ráðið í þá stöðu, ráði sér framkvæmdastjóra í samræmi við ákvæði 1. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en um breytta stjórnábyrgingarmynd væri að ræða.

Í framangreindu ákvæði er kveðið á um að stjórn skuli ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans eða þeirra samkvæmt sérstöku erindisbréfi. Að mati fjármálaeftirlitsins þarf slíkt ráðningarsamband að fela í sér að framkvæmdastjóri lúti boðvaldi stjórnar, enda ber stjórn lífeyrissjóðs ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi rétt og samþykktir sjóðsins, sbr. 1. mgr. 29. gr. laganna.

Með vísan til 13. gr. stjórnábyrgingarlaga nr. 37/1993, var í nefndu dreifibréfi fjármálaeftirlitsins dagsettu 27. janúar sl. óskað eftir sjónarmiðum þeirra lífeyrissjóða sem framangreint á við.

Auk þeirra sjónarmiða sem bárust komu fram spurningar um hvort heimilt væri að ráða framkvæmdastjóra til lífeyrissjóðsins í hlutastarfi og hvort að framkvæmdastjóri í hlutastarfi gæti jafnframt verið framkvæmdastjóri annars lífeyrissjóðs og/eða starfsmaður fjármálafyrirtækis.

Lög nr. 129/1997 kveða ekki sérstaklega á um hvort framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs geti verið í hlutastarfi hjá fleiri en einum lífeyrissjóði auk fjármálafyrirtækis. Við slíkar aðstæður er að mati fjármálaeftirlitsins hins vegar þörf á því að viðkomandi lífeyrissjóður framkvæmi hagsmunaárekstramat og útfæri mögulegar mótvægisáðgerðir vegna þeirra hagsmunaárekstra sem gætu skapast vegna fyrirkomulagsins.

Með vísan til dreifibréfs dagsett 27. janúar sl. er stjórn lífeyrissjóða, sem ekki hafa ráðið framkvæmdastjóra í samræmi við 1. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, gefnir 6 mánuðir frá dagsetningu þessa bréfs til þess að skila til fjármálaeftirlitsins staðfestingu á að komið hafi verið á beinu ráðningarsambandi við framkvæmdastjóra viðkomandi lífeyrissjóðs og eftir því sem við á niðurstöðu greiningar á þeim hagsmunaárekstrum sem fyrirkomulaginu fylgir. Fjármálaeftirlitið mun í kjölfarið taka til skoðunar hvernig einstaka lífeyrissjóðir hafa brugðist við.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Vinsamlegast sendið umbeðin gögn eftir því sem við á í gegnum þjónustugátt fjármálaeftirlitsins með tilvísun í málsnúmerið 2201259.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri
varúðareftirlit

Erla Eyjólfsdóttir
sérfræðingur
varúðareftirlit

